

**Nd.**

**136. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. rækilega og komið sér saman um að mæla með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM.**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Á eftir a-lið 8. gr. komi nýr liður, er verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist samkv. því):  
Ef hann hefur rekið sildarverkun eða sildarvinnslu og verzlun með þær afurðir utan heimilissveitar, og má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.
2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, sem verður 2. gr., svo hljóðandi:
  - a. Í stað „8. gr., a—c-liðir“, í 9. gr. 1. a. laganna komi: 8. gr., a—d-liðir.
  - b. Orðin „sildarkaup, sildarsala, sildarverkun eða sildarbræðsla“ í sömu lagagr. 1. lið c. falli niður.
  - c. Á eftir kemur nýr stafliður, sem verður d-liður, svo hljóðandi:  
Ef útsvar er á lagt utan heimilissveitar samkv. 8. gr. b-lið, skal heimilissveit aldrei fá minna en  $\frac{1}{4}$  hluta af samanlögðu útsvari þess gjaldþegns það ár.
3. 2. gr. verður 3. gr.

Alþingi, 5. janúar 1943.

Garðar Þorsteinsson, form.	Stefán Jóh. Stefánsson, fundaskr., með fyrirvara.	Áki Jakobsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.	Jörundur Brynjólfsson, með fyrirvara.	